

Lífsleikni í 9. bekk

Í lífsleikni í 9 bekk er ein kennslustund á viku. Kennari er Tara Brynjarsdóttir.

Í lífsleikni í 9. bekk er lögð áhersla á skilning á hugtökum, sjálfsmynd, samskipti, málefni samfélagsins, samræður, þjálfun félagsfærni og ræktun sjálfsþekkingar og mikilvægi þess að huga að heilsunni. Bæði líkamlegrar jafnt sem andlegrar. Mikil áhersla verður einnig á miðlalæsi og umfjöllun líðandi stundar og er lífsleikni hugsuð að mörgu leyti til að grípa samfélagslega umræðu og greina hana í bland við önnur fyrirfram ákveðin verkefni. Þessi kennsluáætlun gildir út skólaárið með miklum fyrirvara um breytingar. Einstaka verkefni verða unnin með öðrum faggreinum eins og umræður um bandarísku forsetakosningarnar ásamt hugtökum því tengdu er verður með í samfélagsfræði.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni/tímabil	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Bekkjarandi og líðan 22. ágúst – 27. september	Hópefli til að hrista saman nýja bekki. Farið yfir tilgangi og óskir lífsleikni. Efni frá kennara	- Nemandi getur tekið þátt í verkefnum með hópi - Nemandi getur tjáð skoðanir sínar í rituðu máli	Listi til kennara
Pælt í pólitík 28. september – 7.nóvember	Förum um víðan völl, lærum m.a. um hvað einkennir ólíka leiðtoga og stjórnunarstíl. Hvað eru kappræður og hvernig æfum við okkur í að koma fram og segja frá. Búum til okkar draumasamfélag út frá barnasáttmálanum og heimsmarkmiðunum. Unnið samhliða vinnu í samfélagsfræði. Afhverju greiðum við skatta, hvert fara þeir (ósk frá unglingum)	- Nemandi þekki muninn á sveitarstjórn og alþingi - Nemandi sé meðvitaður um kosningar í öðrum löndum sbr. Forsetakosningar í Bandaríkjunum	Hvað þarf í góðu samfélagi? – hópavinna en frjáls aðferð.

Viðfangsefni/tímabil	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
	Efni frá kennara.		- Nemandi geti greint frá ólíkum leiðtogum - Nemandi geti staðið fyrir framan hóp og sagt frá sínum skoðunum - Nemandi getur sett fram gagnrýni á málefni (ekki manninn)
Samskiptafærni, virðing og mörk 8. nóvember – áramóta	Umræður og ólíka þjóðfélagshópa, horft yfir áskoranir sem samfélagið stendur frammi fyrir, velt vöngum um hvað við getum gert til að efla hvort annað og bæta samfélagið. Umræður um mörk og samþykki. Að setja mörk og virða mörk og mikilvægi opinna og heiðarlegra samskipta. Umræður um gagnrýni af virðingu, mun á uppbyggilegri gagnrýni og niðurrifi. Að taka gagnrýni og læra að vera ósammála. Bókin Ertu? ásamt efni frá kennara. Einnig verður þverfagleg vinna milli lífsleikni og samfélagsfræði.		- Nemandi getur beitt hugtökum um mörk, að virða og setja mörk. - Nemandi getur gert grein fyrir skráðum og óskráðum reglum samfélagsins á gagnrýnninn hátt. - Nemandi getur greint ólík hugtök tengd mannréttindum. - Framhald af fyrirmyndarsamfélagi - Nemandi vinni verkefni úr bókinni Ertu?

Viðfangsefni/tímabil	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
	https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/ertu/#zoom=true		
Fjölmiðlalæsi, upplýsingaóreiða og falsfréttir auk markmiðasetningu Frá 8. janúar til 31. mars.	Farið yfir fjölda fréttamiðla á Íslandi ásamt því að skoða erlenda miðla. Upplýsingaveitur á borð við samfélagsmiðla skoðaðir. Farið yfir hvað algóritmi er og þjálfun í gagnrýnni hugsun á upplýsingar sem okkur berast. Hvernig set ég mér markmið, hvernig held ég utan um námið og fylgt skipulagi. Efni frá kennara		- Nemandi geti aflað sér upplýsinga í gegnum helstu fréttamiðla landsins - Nemandi geti spurt gagnrýnna spurninga um fréttir og upplýsingar sem berast - Nemandi geti útskýrt hvernig algóritmi hefur áhrif á upplýsingaflæði til einstaklinga - Nemandi geti sett sér SMART markmið bæði í námi og einkalífi
Heilsa og vellíðan Frá 5. Apríl – 6. júní	Hvernig get ég hlúð að mér sem einstaklingi, farið í núvitund, gerðar hugleiðsluæfingar. Farið í göngu, hlúð að		Nemandi heldur utan

Kennsluáætlun 2025-26

Viðfangsefni/tímabil	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
	sjálfu sér og farið í kosti reglulegrar ígrundunar Efni frá kennara		um ígrundunarbók

Nánari útlistun á efni hvernar viku má fylgjast með á Mentor. Á Mentor og Classroom má einnig finna verkefnalýsingar og áætlanir fyrir það sem unnið er að hverju sinni. **Námsmat** byggist á hæfniviðmiðunum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan.

Með ósk um gott gengi,

Tara Brynjarsdóttir

tölvupóstur: tara.brynjarsdottir@reykjavik.is, ekki hika við að hafa samband ef spurningar vakna.